

**PMT**  
FORELDRAFÆRNI™



# PMT

stendur fyrir „Parent Management Training“, sem er aðferð fyrir foreldra og aðra sem koma að uppeldi. PMT stuðlar að góðri aðlögun barna og er því afar mikilvæg aðferð ef börn sýna shegðunarfrávik. PMT er þróað af Dr. Gerald Patterson, Dr. Marion Forgatch og samstarfsfólki á rannsóknarstofnun, Oregon Social Learning Center (OSLC), í Oregonfylki í Bandaríkjunum.

PMT byggir á sterkum grunni rannsókna sem sýna að aðferðin dregur verulega úr hegðunarferfiðleikum barna og unglinga og skilar mestum árangri ef unnt er að grípa snemma inn í og vinna með vandann á fyrstu stigum. Alvarlegir hegðunarferfiðleikar geta leitt til andfélagslegrar hegðunar, sem oft hefur í för með sér áfengis- og vímuefnanotkun samhliða afbrotum.



**PMT-FORELDRAFÆRNI** er þjónustueining á fræðsluviði Hafnarfjarðar í samstarfi við Félagsþjónustu og Heilsugæslu í Hafnarfirði. Þjónustueiningin PMT-FORELDRAFÆRNI vinnur að því meginmarkmiði að fyrirbyggja alvarlega hegðunarferfiðleika og taka markvisst á hegðun barna með aðferðum PMT. Verkefni eru: PMT meðferð, PMT foreldranámskeið, PMT fagmenntun, fræðsla fyrir starfsfólk skóla, gerð fræðsluefnis og árangursmælingar.

Eftirtaldir aðilar hafa styrkt PMT-FORELDRAFÆRNI: Forvarnasjóður, Hafnarfjarðardeild Rauða Kross Íslands, menntamálaráðuneyti, Próunarsjóður grunnskóla, Velferðarsjóður barna og félagsmálaráðuneyti.

## PMT meðferð

PMT meðferð er fyrir foreldra barna með veruleg hegðunarfrávik. Þar sem foreldrar eru mikilvægustu kennarar barna sinna er áhersla lögð á ítarlega vinnu með þeim og gert ráð fyrir sveigjanleika til að mæta þörfum hverrar fjölskyldu. Um er að ræða einstaklingsþjónustu sem felst m.a. í allt að 20 viðtölum hjá PMT meðferðaraðila. Erlendar rannsóknir sýna að í um 70% tilvika tekst með þessum hætti að ná hegðun barnsins innan meðal viðmiðunarmarkna að meðferð lokinni. Foreldrar fá aðstoð við að rjúfa þann víta-hring sem hefur myndast með því að tileinka sér nýjar leiðir í uppeldi. Unnið er með ákveðna grunnþætti til að stuðla að jákvæðri hegðun barnsins og draga úr hegðunarvanda. Í raun er um að ræða ákveðin verkfæri sem eru: Fyrirmæli og jákvæð samskipti við barnið, notkun hvatningar við kennslu nýrrar hegðunar, að setja mörk til að draga úr og stöðva óæskilega hegðun, lausn vanda og uppbyggilegar aðferðir í samskiptum innan fjölskyldu, eftirlit með hegðun barns innan og utan heimilis, tengsl við skólakerfið og stjórn neikvæðra tilfinninga.



### **PMT foreldranámskeið**

Önnur leið, sem hentar vel foreldrum barna með væga hegðunarerfiðleika eða sem eru í áhættu vegna hegðunarerfiðleika, er að veita foreldrum hópfræðslu um meginþætti PMT aðferðar.

Um er að ræða átta vikna námskeið þar sem 10-12 foreldrar fá ráðgjöf frá PMT ráðgjafa eða meðferðaraðila einu sinni í viku og vinna verkefni heima á milli tíma. Þjónustan við þennan hóp er umtalsvert minni en þegar um meðferð er að ræða en bandarískar rannsóknir sýna góðan árangur af slíkri fræðslu fyrir þennan hóp foreldra.

### **PMT fagmenntun**

Fagmenntun í aðferðum PMT er veitt fagfólki (t.d. sálfræðingum, hjúkrunarfræðingum, félagsráðgjöfum, læknum, námsráðgjöfum, leik- og grunnskólaráðgjöfum og sérkennurum) innan og utan Hafnarfjarðar. Markmiðið er að efla færni þessara fagstétta í PMT ráðgjöf og meðferð vegna hegðunarerfiðleika. Fræðslu og þjálfun veita starfsmenn sem hlotið hafa sérþekkingu í PMT meðferð undir handleiðslu og í samstarfi við Dr. Marion Forgatch og samstarfsfólk í Oregon í Bandaríkjunum.

Hægt er að velja mismunandi leiðir, svo sem fræðslu um grunnþekkingu í hugmyndafræði og framkvæmd PMT meðferðar eða öðlast PMT meðferðarréttindi og réttindi til að koma að þjálfun annarra meðferðaraðila.



## Fræðsla fyrir starfsfólk skóla

PMT-FORELDRAFÆRNI stendur að framkvæmd skólaverkefnis í skólum Hafnarfjarðar. Um er að ræða hliðstæða aðferð og PMT, sem grundvölluð er á sömu hugmyndafræði og hefur verið nefnd Jákvæður stuðningur við hegðun nemenda „Positive Behavioral Support“ (PBS). Þar er lögð áhersla á að mæta ólíkum hópum nemenda með samræmdum viðbrögðum alls starfsfólks og á þann hátt stuðlað að jákvæðu andrúmslofti í skólasamfélaginu.

Starfsfólki leik- og grunnskóla er einnig boðið reglulega upp á styttri PMT fræðslu og geta einstaka starfsmenn sótt fagmenntun í aðferðum PMT og miðlað áfram til samstarfsfólks.

## Fræðsluefni

Markmið PMT-FORELDRAFÆRNI er einnig að standa að útgáfu námsefnis fyrir foreldra og fagfólk. Upplýsingaritið Styðjandi foreldrafærni er dæmi um slíkt (sjá vefsíðu [www.pmt-foreldrafaerni.is](http://www.pmt-foreldrafaerni.is)).

## Árangursmælingar

Bandarískar rannsóknir á árangri PMT meðferðar eru virtar víða um heim og uppfylla öll ströngustu skilyrði hegðunarmælinga. Þær hafa leitt í ljós að í um 70% tilvika dregur PMT meðferð verulega úr hegðunarferðleikum barns á heimili og hefur auk þess jákvæð áhrif á samskipti innan fjölskyldu og frammistöðu í skóla.

Unnið er að þróun áreiðanlegra árangursmælinga á PMT meðferð og PMT foreldranámskeiðum miðað við íslenskar aðstæður.

Árangursmælingar eru framkvæmdar reglulega á skólaverkefninu Jákvæður stuðningur við hegðun nemenda. Fyrstu niðurstöður leiða í ljós að almennt nálgast starfsfólk nemendur með jákvæðari hætti og þær benda einnig til þess að verulega dragi úr skráðum hegðunarfrávikum nemenda.



**Upplýsingar um PMT-FORELDRAFÆRNI  
eru veittar á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar í síma: 585 5803.  
PMT fagþekking er einnig til staðar á Heilsugæslustöðinni  
Sólvangi, Félagsþjónustunni í Hafnarfirði, í mörgum leik-  
og grunnskólum Hafnarfjarðar og á ýmsum  
stofnunum utan Hafnarfjarðar.**

[www.pmt-foreldrafaerni.is](http://www.pmt-foreldrafaerni.is)